**Héraðsskjalasafn Árnesinga**
(skammstöfun HérÁrn)

Austurvegi 2, pósthólf 2, 802 SELFOSS. Kt. 630189-2849
Sími 482-1259, bréfsími 482-3070, netfang herarn@mmedia.is

**Opnunartími**
Mánudaga, þriðjudaga og föstudaga kl. 14:oo - 18:oo
og fimmtudaga kl.14:oo - 19:oo

**Stjórn safnsins**
Páll Lýðsson, Litlu-Sandvík, formaður
Magnús Á. Ágústsson, Lindarbrekku, Hveragerði, varaformaður
Árni Erlingsson, Birkivöllum 22, Selfossi, ritari

**Héraðsskjalavörður / skjalavörður**
Björn Pálsson, Heiðarbrún 51, Hveragerði, sími 483-4389 og 861-5092
Jón Börkur Ákason, sími 849-6795 og 562-7015

---

## REKSTRARYFIRLIT ÁRSINS 2002

| | 2002 | Áætlun | 2001 |
|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR:** | | | |
| Héraðsnefnd Árnesinga | 6.240.000 | 6.240.000 | 5.010.000 |
| Þjóðskjalasafn Íslands | 800.000 | 400.000 | 700.000 |
| Styrkir fyrirtækja til kortakaupa | 2.000 | 0 | 450.000 |
| Seld þjónusta | 206.050 | 200.000 | 236.660 |
| Seld ljósrit | 6.300 | 0 | 11.100 |
| Vaxtatekjur | 11.038 | 0 | 61.492 |
| Húsaleigutekjur | 0 | 0 | 90.912 |
| Samtals | 7.265.388 | 6.840.000 | 6.560.164 |
| **REKSTRARGJÖLD:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4.696.788 | 4.700.000 | 3.839.919 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.782.141 | 1.740.000 | 1.619.841 |
| Afskrifuð viðskiptakrafa | 39.000 | 0 | 25.000 |
| Vaxta- og færslugjöld | 2.868 | 0 | 2.999 |
| Stofnbúnaður | 424.243 | 400.000 | 2.178.335 |
| Samtals | 6.945.040 | 6.840.000 | 7.666.094 |
| **HÆKKUN (LÆKKUN) Á HREINU VELTUFÉ:** | 320.348 | 0 | ( 1.105.930 ) |
| **BREYTING Á HREINU VELTUFÉ:** | | | |
| Veltufjárstaða í árslok | 600.278 | 279.930 | 279.930 |
| Veltufjárstaða í ársbyrjun | 279.930 | 279.930 | 1.385.860 |
| **BREYTING Á ÁRINU** | 320.348 | 0 | ( 1.105.930 ) |

# HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

# ÁRSSKÝRSLA 2002


Mjólkurbú Flóamanna
Sept. 1951
INNLAGT:

| | kg. nýmjólk | Fitu % | Fitueiningar | Fl. |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 187 | 4.25 | 795 | 1 |
| 2 | 214 | 3.85 | 824 | 1 |
| 3 | 208 | 3.95 | 822 | 1 |
| 4 | 147 | 3.95 | 581 | 1 |
| Alls | 756 | | 3022 | |

Verð pr. fitueining 3.67 Ø
Meðalfitu 4.8
Kr. 141 au. 56

Helgi Kr. Einarsson stofnaði nýbýlið Hjarðarland árið 1949 og hóf þá þegar að byggja íbúðarhús og fjós.
Árið 1951 var Árnessýsla sauðlaus vegna mæðiveikinnar en haustið eftir hófst innflutningur líflamba þangað.

## Annáll 2002

Rekstur safnsins var nokkuð hefðbundinn. Héraðsskjalavörður var aðeins í 70% stöðuhlutfalli vegna rannsóknarvinnu á öðrum vettvangi og Jón Börkur Ákason þjóðfræðingur í 40% stöðu allt árið. Breyting varð á stjórn safnsins. Aðalmenn eru nú Páll Lýðsson formaður, Magnús Á. Ágústsson varaformaður og Árni Erlingsson ritari sem áður. Varamenn í stjórn eru Arnór Karlsson, Sandra Gunnarsdóttir og Þorsteinn Hjartarson. Þeir Helgi Ívarsson, formaður í 10 ár, og Loftur Þorsteinsson varaformaður frá 1998 eru nú horfnir úr stjórn. Þeim eru fluttar þakkir fyrir ágætt samstarf. Aðalskoðunarmenn ársreiknings eru Einar Pálsson og Sigurður Ingi Jóhannsson.

Afhendingar til safnsins voru fleiri en nokkru sinni eða um 85 alls. Stærst var safn Laugardalshrepps en flest einkaskjalasöfn, sem bárust, voru fremur smá. Þar má þó nefna árs- og búreikninga með fylgiskjölum frá Hjarðarlandi og Drumboddsstöðum í Biskupstungum sem spanna allan síðari helming 20. aldar. Ágætlega vannst að skráningu þannig að við árslok var meirihluti skjala safnsins kominn í geymsluskrár. Léttir það mjög aðgengi og upplýsingagjöf til notenda. Margt er þar þó óunnið ekki síst við skráningu ljósmynda þannig að starfsmenn safnsins hafa nóg að sýsla komandi ár.

Rekstrartekjur safnsins urðu 7.265.388 kr. eða 6,22% umfram áætlun. Munar þar mestu um aukið ríkisframlag frá Þjóðskjalasafni Íslands en þangað var sótt um, og fékkst, viðbót vegna mikilla stofnbúnaðarkaupa að undanförnu. Rekstrargjöld urðu 6.945.040 og fóru 1,54% fram úr áætlun. Lausafjársstaðan batnaði því um 320.348 kr. Helstu stofnbúnaðarkaup voru viðbót í Íslandskortasafnið, laus harðdiskur til geymslu öryggisafrita, vandaður litprentari, stólar og slökkvitæki. Þá var gengið frá nýjum kjarasamningi héraðsskjalavarðar og önnuðust Launanefnd sveitarfélaga og Félag íslenskra fræðakjaradeild gerð hans. Bætti sá samningur kjör héraðsskjalavarðar verulega.

Gestir safnsins urðu 919 og er það 30 umfram fyrra ársmet. Í nóvember var sett upp sýning á skjölum hagsmunafélaga í sjávarplássum Árnessýslu um og eftir aldamótin 1900. Var sýning þessi þáttur í samnorrænu verkefni. Héraðsskjalavörður sótti annað íslenska söguþingið í Háskóla Íslands um mánaðarmótin maí-júní. Þar flutti hann erindið „Sagnfræðingar og héraðsskjalasöfn" sem prentað var ásamt öðrum erindum í ráðstefnuriti söguþingsins. Þá sótti héraðsskjalavörður Vestnorrænt skjalavarðaþing sem haldið var í Þórshöfn í Færeyjum um mánaðarmótin ágúst-september. Einnig mætti hann á þing íslenskra skjalavarða í Þjóðskjalasafni Íslands 15. október. Þar var fjallað um rafræna varðveislu skjala, afritun og fleiri mál.

Tveir stjórnarfundir voru haldnir á árinu. Hinn fyrri var 26. mars þar sem gengið var frá skýrslu og reikningi ársins 2001. Hinn síðari var haldinn 13. nóvember þar sem fjárhagsáætlun ársins 2003 var afgreidd.

Nýr samstarfssamningur um Héraðsskjalasafn Árnesinga var formlega staðfestur á árinu og er það hinn þriðji að meðtalinni stofnskrá safnsins sem varð til árið 1985.

**Viðskiptavinum öllum, notendum og gefendum, er þakkað samstarfið**

Björn Pálsson
héraðsskjalavörður

## Úr aðfangaskrá Héraðsskjalasafns Árnesinga 2002

| | A Opinber skjöl sveitarfél. o.fl.: | Sá/Sú sem afhenti: |
|---|---|---|
| 1) | Afréttamálafélag Flóa- og Skeiðahreppa | Páll Lýðsson |
| 2) | Biskupstungnahreppur | Ragnar Sær Ragnarsson svstj. |
| 3) | Gaulverjabæjarskóli | Kristinn Bárðarson |
| 4) | Gnúpverjahreppur | Skrifst. Skeiða- og Gnúpverjahrepps |
| 5) | Héraðsnefnd Árnesinga | Bjarni Einarsson |
| 6) | Héraðsskólinn á Laugarvatni | Guðrún Einarsdóttir |
| 7) | Hveragerðishreppur | Skrifst. Hveragerðisbæjar |
| 8) | Iðnskólinn á Selfossi | Fjölbrautaskóli Suðurlands |
| 9) | Laugardalshreppur | Guðmundur Rafnar Valtýsson svstj. |
| 10) | Selfosshreppur | Jón Guðbjörnsson |
| 11) | Selfosskaupstaður | Ólöf Thorarensen o.fl. |
| 12) | Óbyggðanefnd, úrskurður í Árnssýslu | Skrifst. Óbyggðanefndar |
| 13) | Rannsóknarmiðstöð H.Í,. í jarðskj. | Jón Börkur Ákason |
| 14) | Skólaskrifstofa Suðurlands | Kristín Hreinsdóttir |
| 15) | Sýslunefnd Árnessýslu | Ólafur H. Kjartansson sýslum. |
| 16) | Þingvallahreppur | Ragnar L. Jónsson |

| | B Skjöl félaga, fyrirtækja og einstaklinga: | Sá/Sú sem afhenti: |
|---|---|---|
| 1) | Aldís Pálsdóttir, Litlu-Sandvík, db. | Páll Lýðsson |
| 2) | Ásgeir L. Jónsson | Jón Geir Ásgeirsson |
| 3) | Barnastúkan Árroðinn Eb. | Lýður Pálsson |
| 4) | Bókasafn Hrunamanna | Bókasafn Hrunam., Flúðum |
| 5) | Brunabótafélag Íslands, Hveragerði | VÍS-skrifstofan í Hveragerði |
| 6) | Brunabótasjóður Gnúpverjahrepps | Skrifst. Skeiða- og Gnúpverjahrepps |
| 7) | Búnaðarfélag Biskupstungna | Svavar Sveinsson, Drumboddsstöðum |
| 8) | Búnaðarfélag og Ræktunarfélag Ölfushrepps | Jón Hólm Stefánsson, Gljúfri |
| 9) | Drumboddstaðabúið, búreikn. og fsk. | Svavar Sveinsson |
| 10) | Félag Biskupstungnamanna í Rvík | Ragnar Sær Ragnarsson |
| 11) | Félag eldri borgara og öryrkja Eb. | Félag eldri borgara og öryrkja Eb. |
| 12) | Friðmundur Jósepsson, draugaríma | Sverrir Tómasson |
| 13) | Guðni Jónsson, sagnaþættir | Guðmundur Jónsson |
| 14) | Guðbjörg Benediktsdóttir, db. | Ragnar Böðvarsson |
| 15) | Halldór Gestsson, Flúðum | Halldór Gestsson |
| 16) | Helgi Ívarsson, Hólum o. fl. | Helgi Ívarsson |
| 17) | Helgi Ívarsson, Vestur-Meðalholtum | Helga Ívarsdóttir o.fl |
| 18) | Hjarðarland í Biskupstungum, rekstrarr. o.fl. | Helgi Kr. Einarsson |
| 19) | Hrossaræktarfélag Biskupstungna | Svavar Sveinsson |
| 20) | Kaupfélagið Höfn o. fl. | Kolbeinn Ingi Kristinsson |
| 21) | Meistarafélag Suðurlands | Hilmar Þ. Björnsson |
| 22) | Meitillinn hf. | Guðlaug Sigurðardóttir |
| 23) | Séra Ólafur Magnússon í Arnarbæli | Katrín Þorvaldsdóttir |
| 24) | Ólafur Sigurðsson söðlasmiður á Stað | Guðmundur Geir Ólafsson |
| 25) | Samband eggjaframleiðenda | Ingibjörg Tönsberg o.fl. |
| 26) | Sigurður Pálsson, Baugsstöðum | Sigurður Pálsson |
| 27) | Slysavarnadeildin Hróðgeir o.fl | Sigríður Guðjónsdóttir, Skeggjastöðum |
| 28) | Ungmennafélag Eyrarbakka | Lýður Pálsson |
| 29) | Verkalýðsfélagið Báran | Lýður Pálsson |
| 30) | Vesturfarabréf | Páll Lýðsson |

**C Ljósmyndir og myndbönd afhentu:**

Anna Guðrún Bjarnardóttir, Björn Gíslason, Ingimar Sigurðsson, Sigursteinn Ólafsson, Marteinn Sigurgeirsson o.fl.